

ANTIKA EHF. 2023

Eyrarland í Deildardal

Fornleifaskráning vegna skógræktar

Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzschner





Kort 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Eyrarland

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Hermann Jakob Hjartarson

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-46-8

Verkefnanúmer MÍ: 3133

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af Hermann Jakobi Hjartarsyni nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzschner

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fornleifaskráning og skráningarsvæðið	6
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	12
Minjanúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti	12
Staðsetning	12
Staðhættir og lýsing	13
Hættumat	13
Mótvægisáðgerðir	13
Fornleifar á svæðinu	13
Eyrarland	13
Bæjarstæði [3133-136] og útihús [3133-137] og [3133-138] heimild	14
Sel [3133-135] heimild	15
Túngarður [3133-139] heimild	15
Grettistak [3133-140] þjóðsaga	15
Rænkusteinn [3134-134] þjóðsaga	16
Mógrafir [3134-141] heimild	17
Göngugarður/Kirkjugata [1872-9] heimild	17
Samantekt og niðurstöður	18

Heimildir	20
Árnastofnun – Örnefnasafn	20

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform á Norðurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.	11
Mynd 2. Bæjarstaði Eyrarlands, á þessum stað stóð áður bær með óþekkt heiti ásamt túngarði og útihúsum.	14
Mynd 3. Einn af fjölmörgum steinum á jörðinni, þó ekki Grettistakið né Rænkusteinn samkvæmt heimildum.	16

Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.	2
Kort 2. Skráningarsvæðið á Eyrarlandi með merktum fornleifum.	6
Kort 3. Skráðar fornleifar í landi Eyrarlands.	18

Inngangur

Að beiðni Ásu J. Pálsdóttur og Einars Þorvaldssonar, landeigenda Eyrarlands í Deildardal í Skagafirði, tók Hermann Jakob Hjartarson, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna skógræktar á jörðinni. Skráningin fékk verknúmerið 3133 hjá Minjastofnun Íslands.

Átta fornleifar voru skráðar á jörðinni en þar af aðeins ein, Grettistak, varðveitt sýnileg á yfirborði. Sjö fornleifar eru einungis eru þekktar af heimildum en þar er greint frá tóftum bæjarhúsa, túngarði, seli, götu og mógröfum.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands og allar minjar mældar upp og staðsettar.


Landsvæðið þar sem Eyrarland er nú var áður í eigu Brúarlands og voru báðar jarðir skráðar samhliða. Upplýsingar um minjar á hinni síðarnefndu er að finna í skýrslunni *Brúarland í Deildardal: Fornleifaskráning vegna skógræktar*.¹

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

¹ Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzchner, 2023.

Fornleifaskráning og skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið á Eyrarlandi með merktum fornleifum.

Áður hefur farið fram fornleifaskráning vegna lagningar raflagna, hitaveitu og ljósleiðara í nágrenninu.² En þetta er í fyrsta skipti sem heildarskráning fer fram í landi Eyrarlands. Gengið var um allt svæðið, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skráningarsvæðið nær yfir allt land jarðarinnar. Jörðin er staðsett í norðanverðum Deildardal. Hún afmarkast af jörðinni Brúarlandi til vesturs og Kambi til austurs. Sunnan megin liggja merkin meðfram Deildará og til norðurs nær hún upp á miðjan Ennishnjúk.

Jörðin var áður hluti að Brúarlandi sem var skipt upp árið 1941. Báðar jarðir liggja að mestu í halla en sléttlendi er undir bæjarstæðunum niður að ánni.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

² Guðný Zoëga, 2017; Brenda Prehal, 2020.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.”³

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.”⁴

³ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 3. gr.

⁴ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 21. gr.

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.⁵

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.⁶

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

⁵ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 23. og 38. gr.

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 16. gr.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.⁷

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.⁸

⁷ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 23. gr.

⁸ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 28. gr.

Database view - Norðurland Fornleifaskráning Object Browser X

135, Sel, Arkeologiska object

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

Attribute	Value
Id	135
Name	Sel
Class	Arkeologiska object
Eldra_minj_id	Ekki skráð áður
Minj_id	135
Verkefna nr	3133
Sérheiti	Selið
Bæjarnafn	Eyrarland
Jarðatal Johnsen	317
Yfirlökkun	Byli
Tegund	Heimild
Efni	ekki metið
Lengd	
Breidd	
Hæð	
Veggjahæð frá	
Veggjahæð til	
Breidd veggjar	
Athugasemdir	Staðsett eftir hnitum úr Byggðasögunni.
Umhverfi	Undir veginum
Adalsvæði	Deildardalur
Svæði	<None>
Túnakort	Nei
Heimildir	Hjalti Pálsson, 2014, 217.
Örnefnaskrá	Ö-Brúarland RGI, 8.
Aldur frá	900
Aldur til	1900
Skráning	Hermann Jakob Hjartarson
Mæling	GPS mæling
Dagur	2/11/2023
Horfin	Já
Horfin_astæða	Vegagerðar
Hættumat	engin hætta
Hættuorso	<None>
Ástand	Ekki sést til fornleifa
Minjagildi	Ekki metið
Verkefni	Fornleifaskráning vegna skögræktar Eyrarlandi
Sveitarf	Skaqafjörður
Gróður	
Verndun	Friðað
Hlutverk	sel

Mynd 1. Skráningarform á Norðurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Eyrarland. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Grettistak [3133-140]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „túngarður [3133-139]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunnar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Skagafirði. Ef minjarnar hafa verið skráðar áður, er gamla númerið notað.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis vatnsleiðslu. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis „bæjarstæði [3133-136].“

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn fyrir Norðurland. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki eru sjö skráðar fornleifar eingöngu þekktar af heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu

Eyrarland

Búið hefur verið á Eyrarlandi frá árinu 1946 þegar Þorgils Pálsson og Sigríður Sigurðardóttir fluttu þaðan frá Brúarlandi. Áður var jörðin hluti af Brúarlandi. Hefðbundinn búskapur var á Eyrarlandi til ársins 1973 þegar að hætt var að framleiða þar mjólk. Árin 1981-2005 var síðan

stundað refaeldi á staðnum og þar var sauðfjárrækt til ársins 2000.⁹ Þegar búskapur hófst voru fyrir tóftaleifar af bæ [136] með túngarði [139] í kring en ekki er vitað hvaða bær þetta var. Túnið var allt sléttað og ekki sést til tóftanna í dag.



Mynd 2. Bæjarstaði Eyrarlands, á þessum stað stóð áður bær með óþekkt heiti ásamt túngarði og útihúsum.

Bæjarstaði [3133-136] og útihús [3133-137] og [3133-138] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Neðan við [Hólendaspildu, grasgefnar mýrar,] er Stórimór. Þar sér fyrir litlum bæjartóftum og tveimur eða þremur útihúsum. [...] Nýbýlið Eyrarland er byggt úr Brúarlandslandi í Stóramó.“¹⁰ Í annarri örnefnaskrá kemur fram að „Kristján Runólfsson (1956-2018) mundi „eftir mannvirkjaleifum rétt innan við bæinn á Eyrarlandi, sem hugsanlega hafa verið leifar af bæ, en áin tók þessar minjar eitt sinn er hún var á flóði.“¹¹

⁹ Hjalti Pálsson, 2014, 209.

¹⁰ Ö-Brúarland ÞP, 2, 4.

¹¹ Ö-Brúarland RGI, 9.

Miðað við þetta hefur verið bær á staðnum fyrir tíma þess bæjar sem reis 1946. Ekkert sér þó til minjanna í dag.

Sel [3133-135] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Selið var á hæð suður móts við Skuggabjörg. (Nú í landi Eyrarlands). Þar voru tóftarbrot, en þjóðvegurinn var lagður akkúrat yfir tóftirnar, svo að nú sést ekkert eftir. En þarna er kallað Sel enn í dag og Sellækur rennur þar rétt hjá.“¹² Í Byggðasögu Skagafjarðar er gefið upp hnit á selinu og er staðsetningin fengin þaðan.¹³ Ekkert sést til tóftanna, enda var vegurinn lagður yfir þær.

Túngarður [3133-139] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Torfgarður hefur verið um allstórt tún. Áin hefur brotið af því að neðan, og hét þar Svartibakki“¹⁴ Þessi torfhlaðni túngarður átti að hafa legið kringum eldra bæjarstæði [136] en hann fannst ekki á vettvangi.

Grettistak [3133-140] þjóðsaga

Um örnefni í fjallinu Brúarlandshlíð segir meðal annars frá örnefnum eins og Grettisskriðu og Grettisreit: „Í honum er Grettishóll og Grjótrófur. Á Grettishól er allstór steinn, sem nefndur er Grettistak.“¹⁵ Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir enn fremur: þar á Grettir Ásmundarson að hafa preytt krafta sína.¹⁶ Á þessu svæði eru nokkrir stórir steinar sem lýsingin gæti átt við. Í byggðasögunni er gefið upp hnit á Grettistaki en það virðist lenda inn á jörð Brúarlands. Staðsetning steinsins er því ekki fullkomlega ljós en hann er ofan vegar og líklega við landamerki að Brúarlandi sem voru sunnan til í Grettishól.¹⁷

¹² Ö-Brúarland RGI, 8.

¹³ Hjalti Pálsson, 2014, 217.

¹⁴ Ö-Brúarland ÞP, 2.

¹⁵ Ö-Brúarland ÞP, 1.

¹⁶ Hjalti Pálsson, 2014, 210.

¹⁷ Ö-Brúarland ÞP, 4.



Mynd 3. Einn af fjölmörgum steinum á jörðinni, þó ekki Grettistakið né Rænkusteinn samkvæmt heimildum.

Rænkusteinn [3134-134] þjóðsaga

Rænkusteinn er kenndur við Rænku, vinnukonu Hjálmars Þorgilssonar, sem bjó á Stafni á s.h.l. 19. Aldar. Einu seinni send hann þessa vinnukonu út í Brúarland, en hún var flogaveik. Konan kom ekki heim, og var farið að leita að henni. Fannst hún undir steininum, hafði fengið flog og lagst þar fyrir.¹⁸ Rænkusteinn er væntanlega einn þeirra steina sem hefur varðveist á vettvangi. Í Byggðasögu Skagafjarðar eru gefin upp hnit á steininum og er staðsetning hans fengin þaðan.¹⁹

¹⁸ Ö-Brúarland RGI, 7.

¹⁹ Hjalti Pálsson, 2014, 210.

Mógrafir [3134-141] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Ólafsmelur er utan við Ólafshvamm. Í mýrinni ofan við voru mógrafir, enda hét þar Grafarspilda.“²⁰ Ekkert sér til þessa minja í dag.

Göngugarður/Kirkjugata [1872-9] heimild

Í örnefnaskrá Brúarlands segir frá götu á garði: „Göngugarður liggur yfir túnið ofan til og hefur náð alla leið framan frá Kambi og út í Hof. Þetta var kölluð kirkjugata.“²¹ Önnur lýsing hljóðar svona: „Garður hefur verið eftir Brúarlandshlíðinni. En hann er víða horfinn. Á stöku stað eru leifar hans eins og þrep í landslaginu, því það hefur færst að honum að ofanverðu. Þessi garður hefur verið nefndur Göngugarður. Leifar hans sjást enn, 2002.“²² Í Byggðasögu Skagafjarðar er honum lýst þannig: Göngugarðurinn lá yfir Brúarlandstúnið, um 135 metrum ofan við gamla bæinn, og hefur náði framan frá Kambi út í Hof á Höfðaströnd. Hefur Garðurinn verið mikið mannvirki og er hann gildari og hærri en hefðbundinn túngarður. Garðurinn sést víðar. Enn sér fyrir honum fyrir sunnan og ofan við bæinn Nýlendi. Í slökkum í Brúarlandshlíð er hann horfinn eftir ágangs snjóflóða og aurskriðna og sums staðar er sigið að honum brekkumegin. Er hann þá eins og stallur í hlíðinni. Garðurinn var nefndur Göngugarður eða Kirkjugata en vafalítið hefur hann verið til þægðar í miklum snjó og eins þar sem bleytur voru miklar.²³

Ósennilegt er að þarna hafi nokkurn tímann verið eiginlegur garður heldur hefur frekar verið um að ræða djúpt spor eftir götu. Hún sést ekki lengur á jörð Eyrarlands en við fornleifaskráningu árið 2017 var skráð gata í landi Grinda sem lá í átt að Brúarlandi.²⁴ Mjög líklegt er um sömu götu að ræða.

²⁰ Ö-Brúarland SP, 1.

²¹ Ö-Brúarland RGI, 3.

²² Ö-Brúarland RGI, 8.

²³ Hjalti Pálsson, 2014, 216.

²⁴ Guðný Zoëga, 2017, 13.

Samantekt og niðurstöður

Innan svæðisins voru skráðar níu fornleifar en þar af eru einungis tvær sýnilegar á vettvangi. Grettistak [140] sem Grettir Ásmundarson á að hafa lyft er líklega einn þeirra stóru steina sem þarna eru en nokkrir koma til greina. Rænkusteinn [134] var kenndur við vinnukonuna Rænku sem á hafa hvílt sig undir honum eftir flogakast. Aðrar minjar sjást ekki á yfirborði heldur eru einungis þekktar af heimildum og því er ekki hægt að meta umfang þeirra. Merkilegast er að eldra bæjarstæði á að hafa verið á svipuðum stað og bæjarstæðið í dag en greint er frá bæ [136], útihúsum [137 / 138] og túngarði [139]. Mikilvægt er því að fara með gát kringum bæjarstæðið því minjarnar gætu leynst í jörð þótt þær hafi væntanlega skaddast við byggingu núverandi bæjarhúsa, túnasléttun og annan ágang.



Kort 3. Skráðar fornleifar í landi Eyrarlands.

Samkvæmt lögum um menningarminjar þarf að vera að lágmarki 15 m friðhelgt svæði í kringum fornleifar.²⁵ Þetta þarf að hafa í huga þótt hér sé um sé að ræða minjar sem ekki sjást og gera ráð fyrir að minnsta kosti 15 m fjarlægðarmörkum frá bæjarstæðinu ef farið verður í

²⁵ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

skógrækt í nágrenni þess. Einnig er skráð sel [135] en það á að hafa farið undir veg og mógrafir [141] eru líka horfnar. Minjarnar hafa verið staðsettar, en staðsetning þeirra er ekki fullkomlega nákvæm þar sem ekki sést til þeirra flestra.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.²⁶

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“²⁷

²⁶ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 38. gr.

²⁷ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 21. gr.

Heimildir

Guðný Zoëga. (2017). *Fornleifaskráning vegna lagningu raflínu í Deildardal og Unadal, Skagafirði*. Rannsóknaskýrslur 189. Byggðasafn Skagfirðinga.

Brenda Prehal. (2020). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara og hitaveitu í Deildardal*. Rannsóknaskýrslur 233. Byggðasafn Skagfirðinga.

Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzschner. (2023). *Brúarland í Deildardal: Fornleifaskráning vegna skógræktar*. Antikva.

Hjalti Pálsson frá Hofi (2014). *Byggðasaga Skagafjarðar VII. bindi: Hofshreppur*. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagafjarðar.

Lög um menningarminjar nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 14. nóvember 2023 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Brúarland RGI: Örnefnalýsing Brúarlands. (2001-2002). Rósmundur G. Ingvarsson (f. 1930) skráði.

Ö-Brúarland ÞP: Örnefnalýsing Brúarlands. (1976). Þorgils Pálsson skráði.

Ö-Brúarland SP: Örnefnalýsing Brúarlands. [Ekkert ártal]. Viðbætur Steinars Þórðarsonar við örnefnalýsingu Jóns H. Árnasonar.

ANTIKA EHF 2023

Fornleifaskrá Eyrarland í Deildardal

Hermann Jakob Hjartarson og Rúna K. Tetzschner



Nr.	3133-134	Bæjarnafn	Eyrarland	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	317
Svæði	Deildardalur	Sveitarfélag	Skagafjörður	Dagur	2/11/2023	Skráning	HJH
Hlutverk	Þjóðsaga	Tegund	sögustaður/steinn	Flokkun	Huglægar minjar		
Sérheiti	Rænkusteinn	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v/skógræktar		

Ástand	greinanlegur	Hættumat		Hættuorsök	
Aldur	1800-1900	Horfin	nei	Horfin ástæða	
Efni	steinn	Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Brúarland RGI, 7.		
Mæling	GPS hnit	Heimildir	Hjalti Pálsson, 2014, 210.		
Isnet A	487478.926	Isnet N	596276.688		
Verkefnanúmer MÍ	3133	Minjagildi			
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			

Rænkusteinn er kenndur við Rænku, vinnukonu Hjálmars Þorgilssonar, sem bjó á Stafni á s.hl. 19. aldar. Einu seinni send hann þessa vinnukonu út í Brúarland, en hún var flogaveik. Konan kom ekki heim, og var farið að leita að henni. Fannst hún undir steininum, hafði fengið flog og lagst þar fyrir. Rænkusteinn er væntanlega einn þeirra steina sem hefur varðveist á vettvangi. Í Byggðasögu Skagafjarðar eru gefin upp hnit á steininum og er staðsetning hans fengin þaðan.

Nr.	3133-135	Bæjarnafn	Eyrarland	Gömul nr.	Ekki skrá áður	Jarðatalsnr.	317
Svæði	Deildardalur	Sveitarfélag	Skagafjörður	Dagur	2/11/2023	Skráning	HJH
Hlutverk	sel	Tegund	heimild	Flokkun	selsminjar		
Sérheiti	Selið	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v/skógræktar		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	900-1800	Horfin	já	Horfin ástæða	vegna vegagerðar		
Efni	ekki metið	Umhverfi	Undir veg				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Brúarland RGI				
Mæling	GPS hnit	Heimildir	Hjalti Pálsson, 2014, 217.				
Isnet A	487675.881	Isnet N	595956.351				
Verkefnanúmer MÍ	3133	Minjagildi	Ekki metið				

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	
-------------	--	------------------	--

Í örnefnaskrá segir: „Selið var á hæð suður móts við Skuggabjörg. (Nú í landi Eyrarlands). Þar voru tóftarbrot, en þjóðvegurinn var lagður akkúrat yfir tóftirnar, svo að nú sést ekkert eftir. En þarna er kallað Sel enn í dag og Sellækur rennur þar rétt hjá.“ Ekkert sést til tóftanna, enda var vegurinn lagður yfir þær.

Staðsett eftir hnitum úr Byggðasögu Skagafjarðar.

Nr.3133-136BæjarnafnEyrarlandGömul nr.Ekki skrá áðurJarðatalsnr.317

SvæðiDeildardalurSveitarfélagSkagafjörðurDagur2/11/2023SkráningHJH

HlutverkBýliTegundheimildFlokkunbúsetuminjar

SérheitiVerndunfriðaðVerkefniFornleifaskráning v/skógræktar

Ástandekki séstHættumatEngin hættaHættuorsök

Aldur900-1700HorfinjáHorfin ástæðaslétta út

EfniEkki metiðUmhverfiÞar sem bærinn er í dag

LengdBreiddHæðHleðslu umferð

TúnakortNeiÖrnefnaskráÖ-Brúarland ÞPÖ-Brúarland RGI

MælingUppmælingHeimildir

Isnet A596184.992Isnet N486847.827

Verkefnanúmer MÍ3133MinjagildiEkki metið

LjósmyndariHJHMótvægisaðgerðir



Í örnefnaskrá segir: „Neðan við [Hólendaspildu, grasgefnar mýrar,] er Stórimór. Þar sér fyrir litlum bæjartóftum og tveimur eða þremur útihúsum. [...] Nýbýlið Eyrarland er byggt úr Brúarlandslandi í Stóramó.“ Í annarri örnefnaskrá kemur fram að „Kristján Runólfsson (1956-2018) mundi „eftir mannvirkjaleifum rétt innan við bæinn á Eyrarlandi, sem hugsanlega hafa verið leifar af bæ, en áin tók þessar minjar eitt sinn er hún var á flóði.“ Miðað við þetta hefur verið bær á staðnum fyrir tíma þess bæjar sem reis 1946. Ekkert sér þó til minjanna í dag.

Staðsetning ekki nákvæmt.

Nr.3133-137BæjarnafnEyrarlandGömul nr.Ekki skrá áðurJarðatalsnr.317

SvæðiDeildardalurSveitarfélagSkagafjörðurDagur2/11/2023SkráningHJH

HlutverkútihúsTegundheimildFlokkunbúsetuminjar

SérheitiVerndunfriðaðVerkefniFornleifaskráning v/skógræktar

ÁstandHorfiðHættumatengin hættaHættuorsök

Aldur900-1700HorfinjáHorfin ástæðavegna framkvæmda

EfniUmhverfiÞar sem bærinn er í dag

LengdBreiddHæðHleðslu umferð

TúnakortneiÖrnefnaskráÖ-Brúarland ÞPÖ-Brúarland RGI

MælinguppmælingHeimildir

Isnet A486866.451Isnet N596179.295

Verkefnanúmer MÍ3133MinjagildiEkki metið

LjósmyndariHJHMótvægisaðgerðir



Í örnefnaskrá segir: „Neðan við [Hólendaspildu, grasgefnar mýrar,] er Stórimór. Þar sér fyrir litlum bæjartóftum og tveimur eða þremur útihúsum. [...] Nýbýlið Eyrarland er byggt úr Brúarlandslandi í Stóramó.“ Í annarri örnefnaskrá kemur fram að „Kristján Runólfsson (1956-2018) mundi „eftir mannvirkjaleifum rétt innan við bæinn á Eyrarlandi, sem hugsanlega hafa verið leifar af bæ, en áin tók þessar minjar eitt sinn er hún var á flóði.“ Miðað við þetta hefur verið bær á staðnum fyrir tíma þess bæjar sem reis 1946. Ekkert sér þó til minjanna í dag.

Nr.3133-138BæjarnafnEyrarlandGömul nr.Ekki skrá áðurJarðatalsnr.317

SvæðiDeildardalurSveitarfélagSkagafjörðurDagur2/11/2023SkráningHJH

HlutverkútihúsTegundheimildFlokkunbúsetuminjar

SérheitiVerndunfriðaðVerkefniFornleifaskráning v/skógræktar

ÁstandHoriðHættumatEngin hættaHættuorsök

Aldur900-1700HorfinjáHorfin ástæðavegna framkvæmda

EfniUmhverfiÞar sem bærinn er í dag

LengdBreiddHæðHleðslu umferð

TúnakortneiÖrnefnaskráÖ-Brúarland ÞPÖ-Brúarland RGI

MælinguppmælingHeimildir

Isnet A486866.232Isnet N596176.009

Verkefnanúmer MÍ3133Minjagildi

LjósmyndariHJHMótvægisaðgerðir



Í örnefnaskrá segir: „Neðan við [Hólendaspildu, grasgefnar mýrar,] er Stórimór. Þar sér fyrir litlum bæjartóftum og tveimur eða þremur útihúsum. [...] Nýbýlið Eyrarland er byggt úr Brúarlandslandi í Stóramó.“ Í annarri örnefnaskrá kemur fram að „Kristján Runólfsson (1956-2018) mundi „eftir mannvirkjaleifum rétt innan við bæinn á Eyrarlandi, sem hugsanlega hafa verið leifar af bæ, en áin tók þessar minjar eitt sinn er hún var á flóði.“ Miðað við þetta hefur verið bær á staðnum fyrir tíma þess bæjar sem reis 1946. Ekkert sér þó til minjanna í dag.

Nr.	3133-139	Bæjarnafn	Eyrarland	Gömul nr.	Ekki skrá áður	Jarðatalsnr.	317
Svæði	Deildardalur	Sveitarfélag	Skagafjörður	Dagur	2/11/2023	Skráning	HJH
Hlutverk	túngarður	Tegund	heimild	Flokkun	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v/skógræktar		

Ástand	Ekki sést fornleifa	Hættumat	Engin hættu	Hættuorsök	
Aldur	900-1700	Horfin	já	Horfin ástæða	slétta út
Efni	ekki metið	Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Brúarland, ÞP		
Mæling	Ekki staðsett	Heimildir			
Isnet A	596199.553	Isnet N	486706.726		
Verkefnanúmer MÍ	3133	Minjagildi	Ekki metið		
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir			



Í örnefnaskrá segir: „Torfgarður hefur verið um allstórt tún. Áin hefur brotið af því að neðan, og hét þar Svartibakki“ Þessi torfhlaðni túngarður átti að hafa legið kringum eldra bæjarstæði [136] en hann fannst ekki á vettvangi.

Nr.	3133-140	Bæjarnafn	Eyjarland	Gömul nr.	Ekki skrá áður	Jarðatalsnr.	317
Svæði	Deildardalur	Sveitarfélag	Skagafjörður	Dagur	2/11/2023	Skráning	HJH
Hlutverk	Þjóðsaga	Tegund	Steinn	Flokkun	búsetuminjar		
Sérheiti	Grettistak	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v/skógræktar		

Ástand	vel greinanlegar	Hættumat		Hættuorsök	
Aldur		Horfin	nei	Horfin ástæða	
Efni	steinn	Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort	nei	Örnefnaskrá	Ö-Brúarland, ÞP		
Mæling	uppmæling	Heimildir	Byggðasaga Skagafjarðar VII		
Isnet A	486706.726	Isnet N	596619.863		
Verkefnanúmer MÍ	3133	Minjagildi			
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			

Um örnefni í fjallinu Brúarlandshlíð segir meðal annars frá örnefnum eins og Grettisskriðu og Grettisreit: „Í honum er Grettishóll og Grjótrófur. Á Grettishól er allstór steinn, sem nefndur er Grettistak.“ Í *Byggðasögu Skagafjarðar* segir enn fremur: þar á Grettir Ásmundarson að hafa þreytt krafta sína. Á þessu svæði eru nokkrir stórir steinar sem lýsingin gæti átt við. Í byggðasögunni er gefið upp hnit á Grettistaki en það virðist lenda inn á jörð Brúarlands. Staðsetning steinsins er því ekki fullkomlega ljós en hann er ofan vegar og líklega við landamerki að Brúarlandi sem voru sunnan til í Grettishól.

Nr.	3133-141	Bæjarnafn	Eyrarland	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	317
Svæði	Deildardalur	Sveitarfélag	Skagafjörður	Dagur	2/11/2023	Skráning	HHJ
Hlutverk	mógröf/mógrafir	Tegund	heimild	Flokkun	Efnistaka og nýting		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v/skógræktar		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat		Hættuorsök	
Aldur	900-1920	Horfin	já	Horfin ástæða	
Efni		Umhverfi			
Lengd		Breidd		Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá			
Mæling		Heimildir			
Isnet A		Isnet N			
Verkefnanúmer MÍ	3133	Minjagildi	Ekki metið		
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir			

Í örnefnaskrá segir: „Ólafsmelur er utan við Ólafshvamm. Í mýrinni ofan við voru mógrafir, enda hét þar Grafarspilda.“ Ekkert sér til þessa minja í dag og staðsetning

Nr.	1872-9	Bæjarnafn	Brúarland	Gömul nr.	Skráð 2017	Jarðatalsnr.	317
Svæði	Deildardalur	Sveitarfélag	Skagafjörður	Dagur	1/11/2023	Skráning	HJH
Hlutverk	leið	Tegund	gata	Flokkun	samgönguminjar		
Sérheiti	Göngugarður/Kirkjugata	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v/skógræktar		


Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	hætta	Hættuorsök			
Aldur	1500-1900	Horfin	að hluta	Horfin ástæða	vegna skriðu		
Efni	annað	Umhverfi	Í hlíðinni ofan við túnið				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Brúarland RJ, Ö-Brúarland RGI,				
Mæling	Ekki staðsett		Heimildir	Byggðasaga Skagafjarðar VII Guðný Zoega, 2017			
Isnet A		Isnet N					
Verkefnanúmer MÍ	1872	Minjagildi	Ekki metið				
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir					

Í örnefnaskránni segir frá götu á garði:
„Göngugarður liggur yfir túnið ofan til og hefur náð alla leið framan frá Kambi og út í Hof. Þetta var kölluð kirkjugata.“ Önnur lýsing hljóðar svona: „Garður hefur verið eftir Brúarlandshlíðinni. En hann er víða horfinn. Á stöku stað eru leifar hans eins og þrep í landslaginu, því það hefur færst að honum að ofanverðu. Þessi garður hefur verið nefndur Göngugarður. Leifar hans sjást enn, 2002.“ Í Byggðasögu Skagafjarðar er honum lýst þannig: Göngugarðurinn lá yfir Brúarlandstúnið, um 135 metrum ofan við gamla bæinn, og hefur náði framan frá Kambi út í Hof á Höfðaströnd. Hefur Garðurinn verið mikið mannvirki og er hann gildari og hærri en hefðbundinn túngarður. Garðurinn sést víðar. Enn sér fyrir honum fyrir sunnan og ofan við bæinn Nýlendi. Í slökkum í Brúarlandshlíð er hann horfinn eftir ágangs snjóflóða og aurskriðna og sums staðar er sigið að honum brekkumegin. Er hann þá eins og stallur í hlíðinni. Garðurinn var nefndur Göngugarður eða Kirkjugata en vafalítið hefur hann verið til þægðar í miklum snjó og eins þar sem bleytur voru miklar.

Eyrrarland

• Fornleifar

▭ Skráningarsvæðið Eyrrarland




0 100 200 m

Antikva

Eyrrarland
Skráðar minjar

Vettvangsskráning: Hermann J. Hjartarson
2023
Kortagerð: Hermann J. Hjartarson
2023



Antikva

Eyrarland
Skráðar minjar

Vettvangsskráning: HJH
2023
Kortagerð: HJH
2023